



63. fundur.

22. janúar 2015 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

(Sæþór Gunnsteinsson boðaði forföll)

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Umhverfi Goðafoss . Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*
2. *Illugastaðir. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*
3. *Kárhóll. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.*
4. *Flatey á Skjálfanda. Deiliskipulag hafnarsvæðis.*
5. *Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal- og deiliskipulag.*
6. *Fundardagar skipulags- og umhverfisnefndar janúar-júní 2015.*

1. Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.

S20140302.

Tekið fyrir að nýju. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis vestan árinna og deiliskipulagi vegna nýrrar brúar yfir Skjálfandfljót við Fosshól, uppdrættir og greinargerð dags. 18. desember 2014, sem Landslag ehf og Gláma Kím hafa unnið fyrir Þingeyjarsveit og Vegagerðina.

Samhliða gerð deiliskipulags verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða nýtt verslunar- og þjónustusvæði vestan árinna.

Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 3. desember til og með 17. desember 2014.

Innkomin ný gögn dags. 15. janúar 2015 frá Landslagi ehf, deiliskipulagsuppdraettir og deiliskipulagsgreinargerð. Einnig lagt fram breytingarblað dags. 14. janúar 2015 frá Hornsteinum arkitektum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varðar skilgreiningu á nýju verslunar og þjónustusvæði vestan árinna.

Á síðasta fundi nefndarinnar var samþykkt að fela formanni nefndarinnar og skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna deiliskipulagstillöguna fyrir landeigendum áður en hún yrði tekin til formlegrar afgreiðslu í nefndinni.

Ekki tókst að ná saman fundi til að kynna landeigendum fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Ábúendur á Ljósavatni, Kristín María Hreinsdóttir og Jón Björn Hreinsson, sendu inn greinargerð dags 21. janúar 2015 þar sem þau mótmæla hugmyndum að byggingu salernishúss í tengslum við bílastæðin vestan árinna. Í greinargerð þeirra kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Við undirrituð förum því fram á að hið fyrirhugaða þjónustu og verslunarhúsnæði sem kemur fram ítrekað bæði í drögum að breytingum á aðalskipulagi og þá einnig deiliskipulagi verði alfarið tekið út úr þessum tillögum/drögum að breytingum á aðal- og deiliskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og þar með einnig fjarlæggt af meðfylgjandi teikningum það er að segja að sá hringur á uppdraetti/mynd af tillögum að aðalskipulagi/deiliskipulagi sem afmarkar þetta þjónustu- og verslunarsvæði, sem nær allt frá Fosshól í austri yfir á Hrútey í vestri verði fjarlægður af Hrútey.“

Vegna athugasemda frá ábúendum Ljósavatns samþykkir skipulags- og umhverfisnefnd að byggingarreitir vegna fyrirhugaðs salernishúss verði fjarlægður af deiliskipulagsuppdraetti og felur skipulags og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna svo breytta fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæli fyrir um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Því er ekki þörf á skilgreiningu á nýju verslunar- og þjónustusvæði með tilheyrandi breytingu á aðalskipulagi þar sem fyrirhugaður byggingarreitir verður felldur brott úr deiliskipulagi.

2. Illugastaðir í Fnjóskadal. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi

S20131001.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 25. september 2013 frá Ágústi Hafsteinssyni, arkitekt, fyrir hönd landeiganda, Alþýðusambands Norðurlands, þar sem óskað er eftir heimild til þess að fá að deiliskipuleggja svæði fyrir frístunda- og þjónustuhús í landi Illugastaða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Innkomin ný gögn 17. nóvember frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni, lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna stækkunar á frístundabyggðinni á Illugastöðum í 38 ha en í gildandi aðalskipulagi er um 19.7 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 3. desember til og með 17. desember 2014.

Á síðasta fundi voru lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagi dags. 12. desember 2014 frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni.

Innkomin ný gögn, breytingarblað dags 14. janúar 2014 frá Hornsteinum arkitektum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða stækkun á frístundabyggðinni á Illugastöðum.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna hana fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um samhliða tillögu að deiliskipulagi þegar hún liggur fyrir, áður en þær verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

3. Kárhóll í Reykjadal. Breytinga á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.

S20140202

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 14. febrúar 2014 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observatory þar sem óskað er eftir því að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir staðsetningu rannsóknarstöðvar á jörðinni Kárhóli.

Jafnframt er óskað eftir leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar til Teikn á lofti ehf kt. 691206-4400 til að vinna deiliskipulag af jörðinni, fyrir hönd Aurora Observatory, vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Aurora Observatory ráðgerir að starfrækja alþjóðlega rannsóknarstöð á jörðinni með áherslu á rannsóknir Norðurljósa og efra andrúmslofts. Jafnframt verði starfrækt gestastofa fyrri ferðamenn til kynningar og upplýsingar um eðli Norðurljósa.

Fyrirhuguð bygging verði á allt að þremur hæðum og felld inn í landið ofan og norðan núverandi mannvirkja á jörðinni. Gert er ráð fyrir að stærð byggingar geti verið allt að 700 m².

Erindinu var frestað á síðasta fundi þar sem ekki lá fyrir staðfesting á umboði umsækjanda frá Aurora Observatory. Hún barst síðar í bréfi dags. 25. febrúar 2014 undirritað af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 27. mars s.l. að Teikn á lofti ehf verði heimilað að vinna deiliskipulag af væntanlegri rannsóknarstöð og aðstöðu henni tengdri á kostnað Aurora Observatory eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna nýs svæðis fyrir Þjónustustofnanir á jörðinni Kárhóli var auglýst skv.1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 8. maí til og með 29. maí 2014.

Ekki bárust neinar athugasemdir frá umsagnaraðilum.

Drög að deiliskipulagi voru kynnt á síðasta fundi nefndarinnar

Innkomin ný gögn 20. Janúar 2015 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observator, deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð. Einnig lagt fram breytingarblað dags. 6. janúar 2015 frá Hornsteinum arkitektum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi

Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða skilgreiningu á nýju svæði fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að boða til almenns fundar til kynningar á tillögunum fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um áður en þær verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. Flatey á Skjálfanda. Deiliskiplag hafnarsvæðis.

S20150101

Erindi dags 19. janúar 2015 frá Dagbjörtu Jónsdóttur sveitarstjóra f.h. Þingeyjarsveitar þar sem óskað er eftir því við skipulags- og umhverfisnefnd að hún beiti sér fyrir því að unnið verði deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Flatey á Skjálfanda.

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er skilgreint hafnarsvæði í Flatey og á síðasta ári var samþykkt hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn. Vegna aukinna umsvifa ferðapjónustuaðila og húseigenda í Flatey er talið nauðsynlegt að skilgreina lóðir og athafnasvæði og setja reglur um endurbyggingu og viðhald fasteigna á hafnarsvæðinu. Í Flatey gildir hverfisnefnd skv. aðalskipulagi með eftirfarandi markmiðum:

„Meginmarkmiðið er að varðveita landslag og náttúru eyjarinnar og reyna jafnframt að laða fram byggðamynd fyrri tíma hvað varðar m.a. hús vegi, höfn og bryggju. Þó kemur til greina að breyta byggð lítillaga m.a. til að geta þjónað ferðamönnum, sem koma til eyjunnar til skammtímadvalar, sé það ekki í andstöðu við meginmarkmið.“

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að unnið verði deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Flatey skv. erindi sveitarstjóra. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita samninga við skipulagsráðgjafa um gerð deiliskipulags hafnarsvæðis í Flatey og leggja fyrir nefndina til samþykktar.

5. Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal og deiliskipulag.

S20150102

Erindi dags 19. janúar 2015 frá Þórhildi Guðmundsdóttur f.h. Verkis ehf og SSB Orku ehf þar sem óskað er eftir því að Þingeyjarsveit geri breytingu á núgildandi aðalskipulagi 2010-2022 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 9,8 MW rennslisvirkjun í Svartá í Bárðardal og sömuleiðis óskar framkvæmdaraðili eftir heimild til að gera deiliskipulag af virkjunarsvæðinu, í samræmi við 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stefnt er að hefja framkvæmdir þegar öll leyfi liggja fyrir vorið 2016.

Fylgigögn með umsókn:

Yfirlitsmynd í drögum sem sýnir núverandi stöðu hönnunar mannvirkja.

Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða legu jarðstrengs að tengivirki við Laxárvirkjun.

Kynningarskjal SSB Orku, dags. 27.1.2013, sem sýnir eldri tilhaganir auk þess að innihalda upplýsingar um rennsli o.fl.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem skilgreint verði nýtt virkjanasvæði í Svartá í Bárðardal vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Nefndin leggur einnig til við sveitarstjórn að framkvæmdaaðila verði heimilað að vinna deiliskipulag vegna virkjunarinnar í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 enda sýni hann fram á að hann hafi yfir landréttindum að ráða og væntanlegur skipulagsráðgjafi sé á lista Skipulagsstofnunar yfir þá sem uppfylla hæfiskröfur skv. 5. mgr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

6. Fundardagar skipulags- og umhverfisnefndar janúar-júní 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram eftirfarandi tillögu að fundardögum skipulags- og umhverfisnefndar á tímabilinu janúar-júní 2015:

22. janúar, 19. febrúar, 19. mars, 16. apríl, 13. maí (miðvikudagur) og 18. júní.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir þessa fundardaga.

Fundi slitið.